

# Fréttabréf Garðasels

Mars 2024



## Sumarlokun 2024

Skóla og frístundaráð samþykkti á fundi sínum sumalokun leikskólanna yrði með sama sniði og undanfarin ár - lokað í fjórar vikur, frá 8. júlí-5. ágúst 2024. Búið er að senda út könnun til foreldra þar sem fram kemur hvort foreldrar óska eftir að hafa barnið í fjórar eða fimm vikur í sumarfríi, fimmta vikan er gjaldfrjáls. Búið er að senda út könnun til foreldra um sumarfrí og hvenær elstu börnin ljúka leikskólagöngu sinni og væri gott að fá svör við þeirri könnun fyrir 17. mars. Nú þegar hafa margir svarað könnuninni.

**Varðandi elstu börnin** viljum við benda foreldrum á Sumar-frístund sem verður í boði fyrir börnin sem eru að fara í skóla í haust. Þar er í boði námskeið fyrir börn sem eru að fara í grunnskóla í haust og börn sem voru í fyrsta bekk. Námskeiðin eru í ágúst og er fram að skólabyrjun, skráning og nánari upplýsingar verða senda síðar. Ekki er gert ráð fyrir að elstu börnin komu aftur í leikskólann eftir sumarlokun, heldur nýti sér námskeiðin.

## Flæði í leikskólanum

Á föstudögum hafa börnin á Vík, Vogu og Vök deildaskipti frá kl 9-11. Þá skiptast deildarnar á svæðum og fá þau tækifæri á að leika á hinum deildunum og með mismunandi leikfni. Þessi frábæra leikskólabygging býður upp á gott flæði og fá börnin þá að prufa mismunandi svæði í húsinu.

## Páskafrí og skráningadagar

Framundan er páskafrí og frí á skráningadögum hjá þeim börnum sem hafa verið skráð í frí. Inn í Völu kerfinu getið þið séð hvort þið hafið skráð börnin ykkar í frí á þessum dögum sem eru 25. mars, 26. mars og 27. mars. Leikskólinn er annars lokaður 28. mars til 1. apríl, en þá er páskafrí.



## Útikennsla í skógræktinni

Nú er daginn tekinn að lengja og hitastigið að hækka úti og þá er yndislegt að fara í skógræktina. Á mánudögum og þriðjudögum fyrir hádegi fara börnin á Voggi og Vík í skógræktina í útikennslu með kennurum sínum. Þar una þau sér í falletgri náttúru við skemmtileg og fjölbreytt viðfangsefni.

## Foreldrasamtöl á öllum deildum

### Foreldraviðtöl deilda verða vikurnar 8-19. apríl

Foreldrasamtöl vorannar eru skipulögð vikurnar 8. apríl -19. apríl og lögð áhersla á að allir foreldrar geti mætt.



Umsjónarkennarar barna munu gefa foreldrum viðtalstíma og ef tímasetning hentar ekki er best að taka samtöl við kennarana.

## Skipulagsdagar

Við viljum minna ykkur á að vegna námsferðar starfsmanna Garðasels til Berlínar verður leikskólinn lokaður 26. apríl og 29. apríl (skipulagsdagar sem voru færðir til).

## Foreldrafélagið

Í febrúar fundaði foreldrafélagið og fór yfir verkefni og uppákomur skólaársins. Þar komu fram margar skemmtilegar hugmyndir og er fundargerðin komin inn á heimasíðu Garðasels.

Eitt af verkefnum félagsins er að hafa Vorhátíð 15.maí frá kl. 15 til 17 og mun dagskráin verða birt þegar nær dregur. Fyrirhugað er að foreldrafélagið hafi fjáröflun þennan dag og safni fyrir gróðurhúsi (Bambahúsi) sem sett verður á leikskólalóðina.

## **Lón og Lind**

Á föstudögum hittast börnin á Lón og Lind og er þá opnað á milli deilda og fjölbreytt leikefni sett á báðar deildar. Þá er búin til hreyfibraut sem þau æfa sig í, leika með kubba, svæði með hlutverkaleik og margs konar leikefni sett á leiksvæðin. Þau hafa tekið miklum framförum í að fara á milli deilda og prufa mismunandi leikefni.

## **Holt og Hóll**

Börnin á Holti og Hóli opna líka á milli deilda á föstudögum og æfa sig í hreyfibraut og að leika með fjölbreyttan efnivið. Í dag voru þau að leika með leikefni eins og t.d. myndvarpa, leir, kubba, lest og í hlutverkaleik. Þau eru mjög dugleg að fara á milli deilda og prufa að leika með fjölbreytt leikefni.